

# Málefнасamningur Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í Ísafjarðarbæ kjörtímabilið 2018-2022

Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn ætla að starfa saman í meirihluta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á þessu kjörtímabili.

Samhljómur er í stefnuskrá flokkanna sem kynntar voru í aðdraganda kosninga varðandi hvaða mál skulu sett á oddinn á kjörtímabilinu. Flokkarnir munu fylgja eftir þeim málum sem þar eru sett fram. Helstu áherslur flokkanna eru hér að neðan.

## **Áhersla á samstarf**

Flokkarnir ætla að leggja sig fram um að vel takist upp í samstarfi milli allra lista í bæjarstjórn. Þannig er tryggt að bæjarstjórn starfi fyrir alla íbúa og að sátt verði um langtímastefnumörkun og að henni verði fylgt eftir. Sem liður í því verður starf bæjarstjóra auglýst og Í-listanum boðin formennska í nefndum.

Lögð verður áhersla á samstarf við nágrannasveitarfélög. Þar verði haft að leiðarljósi bætt þjónusta við íbúana og virðing við nágranna okkar. Er þar horft til hvers konar þjónustu en helstu áherslur verða í skóla-, íþrótt- og velferðarmálum.

## **Vel verði farið með fjármuni**

Lögð verður áhersla á að fara vel með fjármuni og stilla álögum á íbúa í hóf. Mörg stór verkefni eru fram undan og því þarf að fara vel með fjármuni bæjarbúa. Til að geta ráðist í þessi verkefni er mikilvægt að vanda til gerðar langtíma fjárfestingar- og rekstraráætlunar fyrir sveitarfélagið, sátt sé um hana og að rekstur bæjarins skili afgangi. Flokkarnir munu beita sér fyrir því.

Jafnréttismenning vinnustaðarins Ísafjarðarbæjar verður greind og unnið markvist að jafnrétti starfsmanna bæjarins.

## **Þjónusta fyrir alla**

Flokkarnir ætla að beita sér fyrir því að bæta þjónustu í minni byggðarlögum bæjarins og hverfum. Þar er horft til þess að færa þjónustuna nær íbúunum. Útfærsla á því liggur ekki fyrir. Einnig verða almenningssamgöngur, frístundarúta og ferliþjónusta endurhugsuð með það að markmiði að laga þjónustuna að íbúunum.

Hverfisráð verða tengd betur við bæjarstjórn með því að bæjarstjórn tilnefni bæjarfulltrúa sem tengilið við hverfisráð, bæjarstjórn/bæjarráð fundi með hverfisráðum, bæjarstjórnarfundir verði haldnir reglulega í minni byggðarlögum og íbúafundir verði haldnir oft um ákveðin málefni sem eru á döfinni.

## **Fjölnota knattspyrnuhús, gervigras og viðbygging við Eyrarskjól eru framkvæmdir sem strax verður farið í af fullum krafti.**

Farið verður strax í byggingu fjölnota knattspyrnuhúss og gervigras verður lagt á Torfnesevöll. Á sama tíma verður unnið framtíðarskipulag fyrir Torfnessvæðið með það í huga að þar risi líkamsræktarstöð

og að gert verði ráð fyrir sundlaug þar í framtíðinni. Sett verður á laggirnar byggingarnefnd sem hafa mun umsjón með þessum verkefnum.

Horfið verður frá áformum um endurbyggingu sundhallarinnar við Austurveg á grundvelli niðurstöðu hönnunarsamkeppni.

Viðbyggingu á Eyrarskjól, sem er á áætlun 2019 verður hraðað eins og kostur er með það að markmiði að öll börn fái leikskólaláss ekki síðar en við 12 mánaða aldur.

Áhersla verður lögð á endurbætur skólahúsnæðis, kennslutækja og skólalóða. Stuðlað verður að þróun skólastarfs þannig að skólarnir okkar nái framúrskarandi árangri og mæti kröfum framtíðarinnar.

Vilji er til þess að nýbygging við Byggðasafn Vestfjarða rísi fyrir lok kjörtímabilsins. Einnig er vilji til að hefja undirbúning að byggingu nýs húsnæðis fyrir Slökkviðlið Ísafjarðarbæjar og finna framtíðarlausn á húsnæðismálum Skjalasafns.

### **Atvinnumál eru mikilvæg**

Mikilvægt er að gæta hagsmuna fyrirtækja í sveitarfélaginu og auka samkeppnishæfni þeirra. Fiskeldi er vaxandi grein á svæðinu. Skoðað verður hvernig hraða má þeirri uppbyggingu sem þar er og hvernig bærinn getur lagt því lið. Einnig verður skoðað og fylgt eftir, hvernig tryggja má að tekjur af eldi renni til þess sveitarfélagsins sem eldið fer fram í. Útgerð og fiskvinnsla eiga undir högg að sækja og tryggja þarf að álögur séu ekki fram úr hófi. Gjaldskrár hafna Ísafjarðarbæjar verða skoðaðar með þetta í huga. Stækkun Sundahafnar verður hraðað eins og kostur er.

Lögð verður áhersla á áfangastaðinn Ísafjarðarbæ hvað varðar uppbyggingu innviða og aukið fé verður lagt til markaðsstarfs. Verður þar horft til verkefna sem sett hafa verið fram í Áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Lokið verði vinnu starfshóps um skemmtiferðaskip og í framhaldinu mótuð stefna í þeim málum.

Raforkumál eru mikið hagsmunamál á svæðinu sem fylgt verður eftir með það í huga að auka raforkuöryggi í Ísafjarðarbæ.

### **Umhverfismál**

Íbúar sveitarfélagsins gera kröfu um snyrtilegt og vel hirt umhverfi. Uppbygging stíga og gangstétta, malbikun gatna, sláttur og almenn tiltekt verður sett í forgang í öllum byggðakjörnum. Hafin verður vinna við endurbætur á fráveitukerfi sveitarfélagsins skv. skýrslu Verkís um þau mál. Unnið verður að því að Ísafjarðarbær dragi úr notkun einnota plasts eins og hægt er. Sett verði markmið um að draga úr sorpi til urðunnar og skoðaðar mögulegar leiðir til að hætta því alfarið.

### **Velferð fyrir alla**

Unnið verður að því að fjölga íbúðum fyrir aldraða og dagdeildarúrræðum. Betur verður stutt við tólmstundir þeirra.

Stofnað verður notendaráð um þjónustu við fatlað fólk og aðgengi bætt.

### **Stuðlað verður að því að íbúar geti byggt sér húsnæði**

Meirihlutinn vill stuðla að því að mögulegt verði að byggja íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Ánægjulegt er að nokkrir aðilar hafi farið að stað í nýbyggingar eftir að ákveðið var að fella niður

gatnagerðagjöld á íbúðarhúsnæði. Þess vegna verður sú niðurfelling framlengd og leitað frekari leiða til að auka framboð á íbúðarhúsnæði og efla íbúðamarkaðinn í sveitarfélaginu.